



Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um happdrætti (hert auglýsingabann), 512. mál.

Mikil breyting hefur orðið á happdrættis- og veðmálamarkaðinum á umliðnum árum vegna Netsins. Fjölmargar happdrættis- og veðmálasíður, sem beina markaðssetningu sinni að borgurum tiltekinna ríkja, hafa verið settar á fót utan viðkomandi ríkis, oft í þeim tilgangi einum að fara á svig við lög viðkomandi ríkis um happdrættis- og veðmálastarfsemi. Þetta hefur gert yfirvöldum í viðkomandi ríkjum erfiðara að stefnu sinni á sviði happdrættis- og veðmála, svo og að framfylgja lögum.

Í íslenskum rétti hefur um áratuga skeið verið byggt á þeirri grundvallarreglu að óheimilt sé að reka happdrætti, þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi nema, samkvæmt sérstakri lagaheimild, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2005 um happdrætti. Í rökréttu framhaldi af þessari reglu hefur verið bannað að auglýsa, kynna eða miðla happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir lögum samkvæmt. Við setningu laga nr. 38/2005 um happdrætti var því ágreiningslaust að óheimilt skyldi vera að auglýsa hvers konar happdrættis- og veðmálastarfsemi og var við það miðað í b-lið 1. mgr. 11. gr. laganna. Í því lagaákvæði var engin afstaða tekin til þess hvort um er að ræða auglýsingar happdrættis sem starfrækt er hér á landi eða erlendis, enda snýr bannið að þeim sem auglýsir, kynnir eða miðlar happdrætti, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, en ekki viðkomandi happdrættis- eða veðmálastarfsemi.

Þrátt fyrir framangreindan tilgang löggjafans að banna auglýsingar á happdrættum, sem ekki hafa leyfi til þess að starfa hér á landi, varð niðurstaðan orðið sú í kjölfar dóms Hæstaréttar 11. júní 2009 í máli nr. 588/2008 að þessi tilgangur náðist ekki að því er varðar erlenda happdrættis- og veðmálastarfsemi.

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38/2005, um happdrætti (hert auglýsingabann), 512. mál, er einfaldlega verið að laga b. lið 1. mgr. 11. gr. laganna að þeim kröfur sem Hæstiréttur gerir til þessa refsíákvæðis, svo upphaflegum tilgangi lagaákvæðisins verði náð. Ef frumvarpið verður að lögum er lögreglunni auðveldað að framfylgja lögum á þessu sviði, eins og að var stefnt við setningu laganna.

Að mati Hapdrættis Háskóla Íslands er mikilvægt að framangreint frumvarp, sem er í eðli sínu afar einfalt, verði afgreitt sem lög á yfirstandandi löggjafarþingi. Enginn ágreiningur ætti að vera um nauðsyn þess að leita allra leiða til þess að tilgangur löggjafans með auglýsingabanni náist.

Virðingarfyllt.

f.h. Hapdrættis Háskóla Íslands,

Alma Jónsdóttir

Alma Jónsdóttir